



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Landbúnaðar- og girðinganefnd

4. fundur.

Fundur haldinn í Landbúnaðar- og girðinganefnd 8. desember kl; 10:00.

Mættir: Böðvar Pétursson, Halldór Árnason, Sólveig E. Hinriksdóttir og Birgir Hauksson, fjallskilastjóri.

Dagskrá:

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fjallskil
Miklar umræður voru um gangnafyrirkomulag í haust. Þarf að endurskoða fyrirkomulag gangna í Búrfellshrauni. Stefnt er á að funda vegna gangnafyrirkomulags í Búrfellshrauni á vormánuðum og hafa með kunnuga og gangnaforingja svæðisins.
Þrjár gangnaskýrslur bárust, frá gangnaforingum Norðurfjalla, Eystri Miðfjalla og Krákárbakkahólfs. Það er mjög slæmt að gangnaskýrslur berist ekki.
Uppgjör fjallskilareikninga, tveir reikningar bárust fyrir akstri í göngum samtals kr. 24.000,- fjallskilagjald á kind kr. 13, gangnaskylda á kind kr. 779.
Kostnaður fyrir girðingar kr. 289.154,-, girðingagjald á kind kr. 66,-
3. Önnur mál.
Landbótasjóður, sækja þarf um styrk úr landbótasjóði fyrir 22. desember n.k.
Formanni falið að ganga frá styrkumsókn með sveitarstjóra.
Gangnaskýrsla frá gangnaforingja Krákárbakkahólfs.
Gangnaforingi gerir athugasemd við að heimt fé var í hólfinu í öðrum göngum.
Nefndin bendir viðkomandi bændum á grein no. 9 í öðrum fyrirmælum,

“Sveitarstjórn beinir því til bænda að þeir geri girðingar sínar sem fé verður sett í eftir smölun, örugglega fjárheldar.”

Formanni falið að ræða við viðkomandi bændur og landgræðsluna vegna málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:45

Böðvar P.
Halldór Árnason
Birgir Hauksson
Sólveig E. Hinriksdóttir

Böðvar Pétursson
Halldór Árnason
Sólveig E. Hinriksdóttir
Birgir Hauksson